

Mál nr. 343/2016
M og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar X.

Slys starfsmanns á gönguleið við vinnustað þann 18. desember 2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið 17. október 2016 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 17. nóvember 2016 ásamt gögnum.

Málsatvik.

Ágreiningslaust er að M varð fyrir slysi þann 18. desember 2014, fyrir utan húsnæði þar sem starfsemi X er. Svo virðist sem M hafi runnið til í hálku á leið sinni út í olíubifreið en hann mun starfaði sem olíuflutningabílstjóri. M kveðst hafa verið með fullar hendur af vörum þegar hann rann til á íshelli sem fól var yfir, þannig að hann féll og snéri upp á hægri ökkla. M telur að X beri skaðabótaábyrgð á því tjóni sem hann hefur orðið fyrir vegna slyssins þar sem engin hálkuvörn hafi verið borin á planið, hvorki salt né sandur.

V telur ósannað að líkamstjón M sé að rekja til atvika eða atriða sem X ber skaðabótaábyrgð á að lögum, og þ.a.l. að bótaskylda sé ekki fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Álit.

M ber sönnunarbyrði um að X beri skaðabótaábyrgð vegna líkamstjóns hans. Engin vitni urðu að slysinu og kveður X að M hafi tilkynnt um slysið til X símleiðis eftir að hann lagði af stað á olíubifreiðinni.

Lögð voru fram gögn um veðurfar á svæðinu frá veðurathugunarstöðvum. Dagana fyrir slysið var hiti rétt um eða yfir frostmarki og snjócoma. Engar hálkuvörnir voru bornar á planið þar sem olíubifreiðarnar voru. M gat þó ekki dulist aðstæður utandyra í umrætt sinn. M hafði auk þess unnið hjá X í 12 ár á slysdegi.

Í máli þessu liggur ekki fyrir að planið við húsnæði X hafi verið hættuleg vegfarendum eða að mikil hálka hafi verið á þar í kring. Ekki liggja fyrir upplýsingar um fleiri óhöpp eða tilkynningar um hættulegar aðstæður umræddan dag.

Miðað við allt framangreint telst það ósannað að X eigi að bera ábyrgð á líkamstjóni M vegna slyssins 18. desember 2014. Verður því ekki fallist á að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu fyrir hendi af hálfu X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 15. desember 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.